



Skipulags- og samgönguráð

Reykjavík 29. maí 2020

Efni: Mál nr. US2000152 – fyrirspurn um Gufunes.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs 20. maí 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn sem var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

1. Hvaða skipulag er í gildi varðandi svæðið frá Gufunesbæ að Sorpu, væntanlegri Sundabraut og nýju deiliskipulagi við Áburðarverksmiðjuna í Gufunesi?

Svar: Um er að ræða deiliskipulag fyrir Gufunes, útivistarsvæði dags. samþ. 20. maí 2010 m.s.br.

2. eru öll mannvirki Skemmtigarðsins og Reykjavík Domes inni á gildandi skipulagi?

Svar: Eftir því sem best er vitað. Núverandi byggingar eru hugsaðar til bráðabirgða þangað til lóðarhafi fer í varanlegar framkvæmdir sem eru samþykktar á skipulagi, síðast breytt fyrir svæði Skemmtigarðsins árið 2019.

3. Hverjir aðrir en Skemmtigarðurinn hafa aðstöðu og eru með vinnslu á þessu svæði?

Svar: Reykjavíkurborg, skóla- og frístundasvið er með aðstöðu í Gufunesbæ fyrir frístundamiðstöð og annast rekstur frístundaheimila og félagsmiðstöðva í Grafarvogi o.fl.

4. Hver er staðan á nýju skipulagi fyrir svæðið og hvaða áform eru í vinnslu hvað það varðar?

Svar: Eftir niðurstöðu í hugmyndasamkeppni fyrir heildarskipulag Gufunes þá hefur verið áformað að endurskoða allt skipulag útivistarsvæðisins, sú vinna er hins vegar ekki farin af stað.

5. Hvernig verður með þá starfsemi og notkun sem er þarna núna fram að nýju deiliskipulagi?

Svar: Óbreytt.